

150. Löggjafarþing 2019-2020

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, (afnám stimpilgjaldskyldu á skjölum vegna eignaryfirfærslu skipa).

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum leggja fram eftirfarandi umsögn við ofangreint frumvarp til laga:

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna framlögðu frumvarpi um afnám stimpilgjalda vegna eignaryfirfærslu skipa.

Áður hafa verið gerðar breytingar á stimpilgjöldum á Alþingi um að skjöl tengd eignaryfirfærslu á loftförum, minni skipum og kaupskipum séu undanþegin stimpilgjaldi og eru skip yfir 5 brúttótonnum einu atvinnutækin sem enn bera stimpilgjald þegar eignaryfirfærsla á sér stað. Sjávarútvegurinn er eina atvinnugreinin þar sem vinnutæki (fiskiskip) lúta þeim álögum að fyrir fjárfestingu nýrra vinnutækja (fiskiskipa) þurfi að greiða stimpilgjöld og þekkist slík skattlagning hvergi á öðrum Norðurlöndum. Sértek gjaldheimta leggst nú þegar þungt á sjávarútveginn í formi veiðileyfagjalda og ótækt að leggja enn frekari kvaðir á borð við stimpilgjöld á útgerðir ekki síst á sama tíma og stjórnvöld hvetja til fjárfestinga sem leiða af sér umhverfisvænni skipakosti. Sjávarútvegurinn er burðarás í atvinnulífi og hagkerfi Íslendinga og nauðsynlegt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum við að tryggja að nægur hvati sé til endurnýjunar, framþróunar og nýsköpunar í greininni, en stimpilgjöld á fiskiskip geta seint talist til slíkra hvata heldur frekar sem þröskuldur. Nýleg dæmi um loðnubrest sanna einnig enn og aftur að miklar sveiflur geta orðið með stuttum fyrirvara í greininni sem geta haft verulega neikvæð áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja í sjávarútvegi. Með afnámi stimpilgjalda á fiskiskip geta stjórnvöld lagt sín lóð á vogarskálarnar við að draga úr áhrifum slíkra sveiflna, auka samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og viðhalda jafnræði meðal atvinnugreina.

13. október 2019

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum
Hildur Sólveig Sigurðardóttir, aðalmaður
Helga Kristín Kolbeins, aðalmaður
Trausti Hjaltason, aðalmaður
Eypór Harðarson, varamaður
Margrét Rós Ingólfssdóttir, varamaður
Sigursveinn Þórðarson, varamaður